

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Freyjugata 25, Sauðárkróki, deiliskipulag.*

Deiliskipulagstillagan felur í sér að breyta gamla skólahúsinu á lóðinni í fjölbýlishús með 11 íbúðum. Jafnframt að skipta lóðinni upp í fjóra hluta, þannig að auk lóðar undir fjölbýlishúsið eru skilgreindar þrjár nýjar lóðir. Tvær lóðir fyrir parhús við Freyjugötu og ein lóð fyrir parhús við Ránarstíg.

Deiliskipulagið afmarkast af Freyjugötu í vestri, Ránarstíg í suðri, Sæmundargötu í austri og af íbúðarhúsalóðum við Knarrarstíg í norðri. Stærð skipulagssvæðisins er 6.760 m<sup>2</sup>.

Samþykkt í sveitarstjórn 12. febrúar 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Sauðárkróki, 3. júní 2020.*

**Rúnar Guðmundsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 18. júní 2020